

Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. p 138/62  
komudagur 5.11.2009

2. nóvember 2009  
Tilvísun: 2009090102

## Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Fjármálaeftirlitið hefur að eigin frumkvæði tekið til umsagnar ofangreint frumvarp þar sem það telur að 4. gr. frumvarpsins geti átt við um mál sem rannsökuð eru af Fjármálaeftirlitinu þar sem grunaðir aðilar geta flokkast sem skipulögð brotasamtök. Eftirfarandi eru athugasemdir Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið telur þörf á að í athugasemdum með 4. gr. frumvarpsins komi fram að með skipulagðri brotastarfsemi geti einnig verið um að ræða brot gegn lögum og reglum sem heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Sem dæmi má nefna brot tengd starfsemi fjármálafyrirtækis sem starfar á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Til að mynda hefur eðlislíkra erlendri löggjöf, t.d. RICO Act í Bandaríkjunum (sjá t.d. [http://www.law.cornell.edu/uscode/18/usc\\_sup\\_01\\_18\\_10\\_I\\_20\\_96.html](http://www.law.cornell.edu/uscode/18/usc_sup_01_18_10_I_20_96.html)) verið mikið beitt gegn brotum á verðbréfamarkaði, t.a.m. um innherjasvik. Í þessu samhengi þyrfti einnig að huga að því að ef meint brot félli undir skilgreiningu Europol á "skipulagðri glæpastarfsemi" þá gæti komið til tilkynningaskyldu Fjármálaeftirlitsins til lögreglu um málið, jafnvel þó svo það væri enn á rannsóknarstigi, sem síðar myndi tilkynna háttsemina til Europol.


Ennfremur vill Fjármálaeftirlitið vekja athygli á að refsiramminn samkvæmt 4. gr. frumvarpsins virðist ná til allra þeirra brota er Fjármálaeftirlitið rannsakar fyrir utan þrjú; brot gegn 1. og 2. mgr. 117. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti er varðar markaðsmisnotkun, 123. gr. laganna um innherjasvik og 1. mgr. 124. gr. laganna um milligöngu fjármálafyrirtækis. Nefnd þrjú brot geta varðað fangelsi allt að sex árum, sbr. 146. gr. laganna. Svo virðist því sem áskilnaður 4. gr. frumvarpsins um að verknaður varði minnst 4 ára fangelsi geri það að verkum að engin önnur brot gegn lögum þeim sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með, utan þeirra þriggja fyrrnefndu, myndu falla undir ákvæði frumvarpsins. Ennfremur virðist sem refsing við broti samkvæmt 146. gr. nefndra laga, sem fæli einnig í sér skipulagða brotastarfsemi í skilningi 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins, myndi ekki verða þyngri heldur en ef brotið varðaði eingöngu 146. gr. laganna.

Að lokum leggur Fjármálaeftirlitið til að sleppt verði orðinu "minnst" og í staðinn sett orðið "getur" í 1. og 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins þar sem annað gæti gefið í skyn að einungis sé átt við brot þar sem refsiramminn væri með *lágmarks* refsinguna 4 ár en einungis væri þá um örfáar tegundir brota að ræða, t.d. lándráð, brot gegn stjórnskipan ríkisins og manndráp. Yrði því að aðlaga texta athugasemda með frumvarspgreininni að sama skapi.

Fjármálaeftirlitið veitir frekari upplýsingar um framangreint ef óskað er.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

A handwritten signature in black ink, consisting of a stylized 'G' followed by 'P. Andersen'.

*Gunnar P. Andersen*

A handwritten signature in black ink, consisting of a stylized 'R' followed by 'Gunnarsdóttir'.

*Rut Gunnarsdóttir*